

Úrgangsráð Vestfjarða

tíundi fundur

Netheimum 22. apríl 2026 kl. 10.00 - 11.00

Fundargerð

Mætt: Ragnheiður Ingimundardóttir Strandabyggð, Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð, Hrefna Jónsdóttir Reykhólahreppi, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvík, Delphine Briose Árneshreppi, Erla Margrét Gunnarsdóttir Ísafjarðarbæ (áheyrnarfulltrúi), Sigurður Marinó Þorvaldsson frá Sorpsamlagi Strandamanna (gestur) og Hrafnkell Guðnason Reykhólahreppi (gestur) og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

- Þema fundarins: Lífrænn úrgangur
 - Sigurður Marinó kynnir reynslu af jarðgerðarvél á Hólmavík
 - Umræður og Fréttahringur
- Önnur mál

Fundargerð

- Sigurðu Marinó kynnti reynslu af jarðgerðavél sem tekin var í notkun af Sorpsamlagi Strandamanna um síðastliðin áramót til að jarðgera lífrænan úrgang, þar kom eftirfarandi fram:
 - Reynslan af u.þ.b þremur tonnum söfnuðum og endurunnum er heilt yfir mjög góð og engin vandamál komið upp.
 - Íbúar safna í sérstakar lokaðar fötur sem sveitarfélagið afhenti þeim. Einu sinni í viku er fer svo starfsmaður Sorpsamlagsins og safnar í þéttbýlinu í stóra Tunnu (íbúar sjá því sjálfir um þrif á sinni eigin fötu).
 - Þrátt fyrir efasemdaraddir í upphafi er nú almenn ánægja hefur verið með fyrirkomulagið, mun minna berst af blönduðum úrgangi og hann lyktar miklu skár en áður.
 - Samhliða söfnunni hafa sífellt fleiri íbúar náð sér í litla heimajarðgerðarvél og er gefin afsláttur af sorphirðugjöldum ef slíkt er gert. Í framhaldi spunnust heilmiklar umræður um áhrif heimajarðgerðar á enduvinnsluhlutföll á heimilisúrgangi. Markmið um þau eru lögbundin og átti að ná 55% 2025 og 60% 2030, en samkvæmt greiningu úr svæðisáætlun um úrgang fyrir 2023 stóð hlutfallið þá í um 23%. Af heimilisúrgangi er auðveldast að ná skjóttum árangri með endurvinnslu lífúrgangs, þar sem öll jarðgerð telst endurvinnsla og lífræni straumurinn er stór hluti heimilisúrgangs. Ef hinsvegar lífræni úrgangurinn er unnin með heimavél ratar hann ekki inn í tölfræði sveitarfélagsins og því skánar enduvinnsluhlutfallið ekki þrátt fyrir raunverulegan árangur. Til þess að breyta þessu þyrfti breyting á reglugerð.
- Næsti fundur verður ekki haldinn fyrr en eftir Sveitarstjórnarkosningar, þegar skipað hefur verið í nýtt ráð. Vestfjarðastofa mun senda erindi til sveitarfélaganna um skipunina.

Fundi slitið 10.57